


Nettengd Biblía fyrir börn

kynnir



Samson,
hinn sterki
maður
Guðs



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest
Aðlaggað af: Lyn Doerksen
Þýðandi: Þráinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada

©2009 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.




Fyrir ævalöngu í Ísrael, bjó Manóa og kona hans.
Hjónin voru barnlaus. Dag nokkurn birtist Engill
Drottins konunni og sagði: "Þú ert ófrjó,
en samt mun þér fæðast sonur.




Hún sagði manni sínum þessar góðu fréttir. Manóa
bað til Guðs: "Ó Drottinn minn... komdu aftur til
okkar til að kenna okkur hvernig við eigum að ala
upp drenginn."





Engill Drottins sagði Manóa að drengurinn mætti aldrei láta skera hár sitt, aldrei drekka áfenga drykki, né borða vissar fæðutegundir. Guð hafði valið þennan dreng til að verða dómari og leiðtogi í Ísrael.





Fólkið, sem gleymt hafði
Guði og orðið fyrir ofsóknum
og ofbeldi óvina sinna Filistea, var nú sannarlega
hjálfar þurfi. Eftir að biðja til Guðs, svaraði hann
þeim með því að senda þeim lítið barn sem
síðar mundi verða sterkasti maður í heimi.



"Konan ól son og nefndi hann Samson. Drengurinn óx upp og Drottinn blessaði hann. Og andi Drottins tók að hreyfa við honum" Samson varð gríðarlega

sterkur. Dag einn barðist hann berhentur við ungt ljón, og banaði því.





Skömmu síðar tók Samson eftir
mergð býflugna á ljónshræi og fékk
sér hunang og át. Þá bjó hann til gátu: "Úr
ætunni kom æti og úr hinum sterka, sætindi."






Engum skildist hvað þetta þýddi
- en kona Samsonar, sem var Filistei,
kjaftaði frá. Samson varð mjög reiður við.




Og Samson reiddist ennþá meir er hann komst að því að fyrir tilleiðslu Filistea hafði kona hans nú gifst besta vini sínum. Hann ákvað að hefna sín. Samson veiddi 300 refi, batt tvo og tvo saman á skottunum og festi blys á milli skottana.




Síðan kveikti Samson í blysunum og slepti refunum
inn á kornakra Filistea.




Nú var komið að Filisteum að hefna sín. Þeim tókst að handtaka Samson. Hann var síðan tekinn í böndum og framseldur til Filistea til aftöku.



En andi Drottins kom yfir
Samson. Hann sprengdi af sér
reipin, tók nýtt kjálkabein úr
dauðum asna, og drap 1000
óvina sinna.




Hópur Filistea var á eftir Samson. Nótt eina settu þeir gildru fyrir hann og læstu borgarhliðunum þar sem hann var staddur. En Samson gekk í gegn. Hann reif upp borgarhliðin, og bar þau á herðum sér!




Guð gaf Samson kraft svo lengi sem hann hlýðnaðist honum. En Samson hafði brugðist Guði. Dag nokkurn sagði Samson Delílu, fegurðardís sem var njósnari Filistea, frá kraftaleyndarmáli sínu. Hún lét raka hárið af höfði hans meðan hann svaf.





Síðan komu
hermenn Filistea og
réðust á Samson.
Hann barðist af öllu
afli - en krafturinn
mikli var horfinn
frá honum. Óvinir
hans stungu úr
honum augun.




Blindur og máttvana var Samson orðinn þræll Filistea. Þeir hlógu og gerðu gys að þessum þjóni Guðs.

Filistear héldu nú
veislu, og þar lofuðu
þeir guð sinn, Dagon,
fyrir að hafa gefið
Samson þeim í hendur.
Þar gerðu Filistear sér
glaðan dag og létu
sækja Samson til að
skemmta sér.




Ungur piltur sem leiddi Samson, leyfði honum, að óskum hans, að styðja sig við súlurnar sem húsið hvíldi á. Fyrir utan fólksfjöldan inni í húsinu, voru

um 3000
manns uppi
á þaki, allir
að hæðast
að honum.



Hár Samsons hafði farið að vaxa aftur í fangelsinu.
Hann bað til Guðs: "Ó Drottinn Guð, styrktu mig nú í
þetta eina skipti, svo ég geti hefnt fyrir bæði augu
mín."



Mundi Guð nú gefa Samson kraft sinn aftur? Gæti Samson gert hið óhugsanlega? Af öllum lífsins kröftum, þrýsti Samson á hinar miklu uppistöður, og hrundi þá húsið í rúst.


Fleiri þúsund Filistear - og Samson líka, misstu þar lífið.



Samson, hinn sterki maður Guðs
Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,
er að finna í
Dómarabók 13-16

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130





Endir

14

60



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífdar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

